

136. löggjafarþing 2008–2009.  
Þskj. 0 — 1. mál.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/385*  
*komudagur 8.12.2008*

## Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Fyrsti minni hluti er ekki samþykkur álit meiri hlutans. Þar er lagður til niðurskurður sem stafar af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ganga til samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og taka ábyrgð á Icesave-reikningunum. Vísar 1. minni hluti um rökstuðning til nefndarálita Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (þskj. 265, 161. mál), og tillögu til þingsályktunar um samninga um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu (þskj. 260., 177. mál), sem afgreiddar voru 5. des. sl. Auk þess telur 1. minni hluti að unnt sé að hagræða innan forsætisráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og stofnana þess án niðurskurðar. Vísar 1. minni hluti þar sérstaklega til fjárveitinga og skiptingar þeirra til löggæslumála, sérstaklega til ríkislögreglustjóra annars vegar og lögreglustjóraembætta hins vegar. 1. minni hluti vísar enn fremur til álit síns um fjárlög fyrir árið 2008 (sjá þskj. 338 á 135. löggjafarþingi). Þá harmar 1. minni hluti sérstaklega niðurskurð til fangelsismála.

Alþingi, 8. des. 2008.

Atli Gíslason.